



## REYKHOLT Í BLÁSKÓGABYGGÐ

**Deiliskipulagsbreyting í Miðholti**

**08.08.2019**

**Breytt 14.10.2019**





Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur verið grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. 11. 2019



Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 2. 9. 2019 með athugasemdafresti til 2. 10. 2019

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## **EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>1.1</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>5</b>
<b>1.2</b>	<b>Gildandi deiliskipulag</b>	<b>5</b>
<b>1.3</b>	<b>Forsendur</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>BREYTT DEILISKIPULAG</b>	<b>5</b>
<b>2.1</b>	<b>Breytingar á uppdrætti</b>	<b>5</b>
<b>2.2</b>	<b>Breytingar á greinargerð</b>	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>BREYTINGAR EFTIR KYNNINGU</b>	<b>6</b>

## 1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að minniháttar breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Reykholt í Biskups-tungum. Um er að ræða lóðir við Miðholt 24 og 37. Á hvorri lóð verður heimilt að byggja þriggja íbúða raðhús í stað einbýlishúss. Skipulagssvæðið er um 2.500 m<sup>2</sup> að stærð.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, fyrir Reykholt, en þar er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð.

### 1.1 Skipulagsgögn

- Hluti af gildandi deiliskipulagsuppdrætti í mkv. 1:2.000.
- Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.
- Hluti úr Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, fyrir Reykholt, í mkv. 1:10.000.

### 1.2 Gildandi deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Reykholt var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2019. Að öðru leyti en því sem að aftan greinir gilda skilmálar þess skipulags.

### 1.3 Forsendur

Forsenda breytingarinnar er að eftirspurn er eftir litlum íbúðum í Reykholti. Þá vill sveitarstjórn byggja upp þær lóðir sem eru tilbúnar til úthlutunar.

## 2 BREYTT DEILISKIPULAG

### 2.1 Breytingar á uppdrætti

Lóðum við Miðholt 24 og 37 er breytt úr einbýlishúsalóðum (E3) í raðhúsalóðir (R). Merkingu lóðanna er breytt á deiliskipulagsuppdrætti úr E3 í R, sýnd eru hugsanleg innri lóðamörk og tvö bílastæði við hverja íbúð.

### 2.2 Breytingar á greinargerð

Gerð er breyting á kafla 4.1.1 Lóðir/byggingar

#### Miðholt – texti í gildandi skipulagi

Við Miðholt eru 24 lóðir, þar af eru 4 lóðir óbyggðar. Þrjár óbyggðu lóðanna eru fyrir einbýlishús og ein fyrir raðhús. Við Miðholt 5 er heimilt að byggja bílskúr. Fjöldi nýrra íbúða getur verið á bilinu 9-14.

### Miðholt – texti í breyttu skipulagi

Við Miðholt eru 24 lóðir, þar af eru 4 lóðir óbyggðar. Ein óbyggðu lóðanna er fyrir einbýlishús og þrjár fyrir raðhús. Við Miðholt 5 er heimilt að byggja bílskúr. Fjöldi nýrra íbúða getur verið á bilinu 13-18. Kvöð er á endalóðum um aðgengi vegna viðhalds mannvirkja og lóðar.

Gerð er breyting á kafla 4.1.2 Ákvæði fyrir íbúðarlóðir:

Í gildandi skipulagi er eftirfarandi texti:

Ákvæði fyrir íbúðarlóðir							
Húsagerðir	Fjöldi lóða	Óbyggðar lóðir	Fjöldi íbúða	Fjöldi hæða	Lóðastærð m <sup>2</sup>	Lágmarksstærð íbúða m <sup>2</sup>	Nýtingarhlutfall
E3 – einbýlishús	11	5	11	1 hæð	688-861	120	0,4
R – raðhús	20	20	50-90	1 hæð	918-2176	40	0,4

Í breyttu skipulagi verður eftirfarandi texti:

Ákvæði fyrir íbúðarlóðir							
Húsagerðir	Fjöldi lóða	Óbyggðar lóðir	Fjöldi íbúða	Fjöldi hæða	Lóðastærð m <sup>2</sup>	Lágmarksstærð íbúða m <sup>2</sup>	Nýtingarhlutfall
E3 – einbýlishús	9	3	9	1 hæð	688-861	120	0,4
R – raðhús	22	22	54-94	1 hæð	918-2176	40	0,4

## 3 UMHVERFISÁHRIF

Með breytingunni er svarað eftirspurn eftir litlum lóðum í Reykholti og fjölgar íbúðum úr tveimur í sex. Gera má ráð fyrir að umferð verði meiri í samræmi við það. Breytingin fellur vel að því byggðamynstri sem fyrir er í þessum hluta Miðholts því raðhús eru á næstu lóðum.

## 4 BREYTINGAR EFTIR KYNNINGU

Sett er kvöð á endalóðir um aðgengi vegna viðhalds mannvirkja og lóðar.